



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 27. október 2020

Efni: Umsögn Akureyrarbæjar um frumvarp til laga um stjórnýslu jafnréttismála. 15. mál.

Fyrst eru settar fram almennar ábendingar/athugasemdir við frumvarpið en á eftir fylgja ábendingar/athugasemdir við einstakar greinar þess.

Almennt:

Betur færi á því að sameina eða samþætta betur lagabálkana tvo og lög um jafna meðferð á vinnumarkaði og lög um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna. Það mundi auðvelda skilning og framkvæmd fyrir ábyrgðaraðila.

Ósamræmi er í hugtakanotkun milli greina og einnig milli þessa frumvarps og 14. máls, frumvarps til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Eftirlitshlutverk Jafnréttisstofu nær skv. 5. gr. til *stofnana, fyrirtækja og félagasamtaka* en skyldurnar ná einnig til sveitarfélaga skv. 13. gr. Til nánari skýringar er vísað í umsögn Akureyrarbæjar um 14. mál. Ósamræmið birtist einnig í því að ekki er skýrt hvort sveitarfélögin geti leitað réttar síns til kærnefndar jafnréttismála telji þau á sér brotið, sbr. *einstaklingar, fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök* skv. 9. gr.

Tekið er undir þær umsagnir þar sem bent er á að mikilvægi þess að Jafnréttisstofu sé tryggt nægilegt fjármagn til þess að sinna því starfi sem henni er ætlað. Sérstaklega er bent á mikilvægi þess að stofnunin verði áfram staðsett utan höfuðborgarsvæðisins og þá á Akureyri. Á stofnuninni hefur orðið til verðmæt sérfræðilekking sem mikilvægt er að sé innan seilingar fyrir öll sveitarfélög hvort sem er í raunheimum eða með nýtingu tæknilausna. Íbúar eru afar fjölbreyttur hópur og það er mikil áskorun fyrir sveitarfélögin að mæta þjónustuþörf allra með réttlátri úthlutun fjármagns og tryggja réttindi þeirra sem best í síbreyttum heimi. Ljóst er að sveitarfélögin eru stærstu vinnuveitendur margra svæða og menntun og skólastarf er til að mynda að stórum hluta á forræði sveitarfélaganna og það sama á við um miðlæga stjórnun íþrótta- og æskulýðsstarfs. Það er mikilvægt byggðamál að sveitarfélögin geti tryggt íbúum sínum góð lífsskilyrði og þau mannréttindi sem lög gera ráð fyrir, verið fyrirmyndir á vinnumarkaði og komið í veg fyrir flóttu til að mynda ungs fólks. Nauðsynlegt er að fjármagn til Jafnréttisstofu sé sem best tryggt til þess að veita sveitarfélögum þann stuðning, í formi fræðslu og leiðbeininga, sem þarf til þess að framfylgja þeim skyldum sem þau bera samkvæmt frumvarpi þessu og lögum sem því tengjast.

13. gr. Vísað er í umsögn Akureyrarbæjar um 14. mál. Nauðsynlegt er að skýra betur hvað átt er við: „... innan hvers sveitarfélags verði gerð áætlun fyrir nýtt kjörtímabil um markmið og aðgerðir til að koma í veg fyrir mismunun, sbr. lög...“

14. gr. Ef unnið skal að jafnréttismálum tímabundið á tilteknu landsvæði er rétt að tryggja að jafnréttisráðgjafinn búi og starfi á því tiltekna svæði.

Virðingarfyllt,

F.h. Akureyrarbæjar

Bryndís Elfa

Bryndís Elfa Valdemarsdóttir

Jafnréttisráðgjafi